

Tölulegar upplýsingar - mars 2006

Umsóknir um meðferð

Barnaverndarstofu bárust 14 umsóknir um meðferð í mars en þær voru 18 í febrúar. Umsóknum hefur því fækkað um 22% milli mánaða. Ef fjöldi umsókna er borinn saman við sama mánuð í fyrra kemur í ljós að þeim hefur fækkað um 18% milli ára (umsóknir í mars 2005 voru alls 17). Umsóknir um Stuðla voru flestar eða alls 10. Flestar umsóknir bárust frá barnaverndarnefndum í nágrenni Reykjavíkur eða 42,9% umsókna.

1. Tafla. Tegund meðferðar og umsóknir eftir búsetu

	Stuðlar	Akurhóll	Langtíma	Alls
Reykjavík	5	0	0	5
Nágrenni Reykjavíkur	3	3	0	6
Landsbyggð	2	0	1	3
Alls	10	3	1	14

Til nágrenni Reykjavíkur telst Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær.

Umsóknir um fóstur

Barnaverndarstofu bárust 16 umsóknir um fóstur í mars. Flestar umsóknir bárust frá Barnavernd Reykjavíkur eða helmingur allra umsókna. Flestar umsóknir voru um tímabundið fóstur (75% allra umsókna).

2. tafla. Umsóknir um fóstur

	Tímabundið	Varanlegt	Styrkt	Alls
Reykjavík	7	1	0	8
Nágrenni Reykjavíkur	1	2	1	4
Landsbyggð	4	0	0	4
Alls	12	3	1	16

Til nágrenni Reykjavíkur telst Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær.

Ein umsókn um að gerast fósturforeldrar barst Barnaverndarstofu í mars. Sú umsókn barst frá Reykjavík og nágrenni.

Barnahús

Alls fóru fram 20 rannsóknarviðtöl í Barnahúsi í mars en þau voru 16 í febrúar. Þeim hefur því fjölgað um 25% milli mánaða. Greiningar- og meðferðarviðtöl voru 8. Tvær læknisskoðanir fóru fram í Barnahúsi á þessum tíma, en engin í febrúar.

3. tafla. Þjónusta í Barnahúsi í mars

Þjónusta	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	20
Skýrslutökur	5
Könnunarviðtöl	15
Greiningar- og meðferðarviðtöl	8
Vísað beint (að beiðni bvn).	1
Í kjölfar rannsóknarviðtals	7
Læknisskoðanir	2

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í mars bárust barnaverndarnefndum 566 tilkynningar (alls bárust 524 tilkynningar í febrúar). Tilkynningum hefur því fjölgað um 8% milli mánaða. Ef fjöldi tilkynninga er borinn saman við sama mánuð í fyrra kemur í ljós að þeim hefur fjölgað um rúm 39% milli ára (tilkynningar í mars 2005 voru alls 406).

Alls var tilkynnt um 541 barn. 14 tilkynningar bárust í gegnum neyðarlínuna 1-1-2

4. tafla. Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	Fjöldi	%
Vanræksla	155	27,4
Ofbeldi	102	18,0
Áhættuhegðun barns	304	53,7
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	5	0,9
Alls	566	100,0

Alls var talið að 12 börn hefðu verið í yfirvofandi hættu.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu eða alls 51,9% tilkynninga. Um 15% tilkynninga bárust frá skóla/sérfræðiþjónustu/fræðslu- eða skólaskrifstofu en aðeins í 0,2% tilvika leitaði barnið sjálf til barnaverndarnefndar. Skipting tilkynnenda er eftirfarandi:

5 tafla. Tilkynnendur:

Tilkynnendur	Fjöldi	%
Barnið sjálft	1	0,2
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	17	3,0
Nágrannar	25	4,4
Önnur barnaverndarnefnd	15	2,7
Borgarhlutaskr./stm. félagsþjónustu	10	1,8
Lögregla	294	51,9
Skóli/sérfr.þjónusta/fræðslu- eða skólaskr.	82	14,5
Leikskóli/gæsluforeldri	8	1,4
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	31	5,5
Foreldrar barns	44	7,8
Aðrir	39	6,9
ALLS	566	100,0

Samanburður á höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

6. tafla. Fjöldi tilkynninga og fjöldi barna á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

	Tilkynningar		Fjöldi barna	
	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Höfuðborgarsvæði	407	71,9	353	65,2
Landsbyggð	159	28,1	188	34,8
Alls	566	100,0	541	100,0

Til höfuðborgarsvæðis telst Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær.

7. tafla. Ástæður tilkynninga á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

Ástæður tilkynninga:	Höfuðborgarsvæði		Landsbyggð		Alls	
	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Vanræksla	112	27,5	43	27,0	155	27,4
Ofbeldi	76	18,7	26	16,4	102	18,0
Áhættuhegðun	215	52,8	89	56,0	304	53,7
Heilsa eða líf ófædds barns	4	1,0	1	0,6	5	0,9
Alls	407	100,0	159	100,0	566	100,0